

Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps
að Húnavöllum 29. júní 2009

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum. Ægir bauð Jóhönnu tilvonandi leikskólastjóra sérstaklega velkomna. Á dagskrá eru ráðningar starfskrafta við leikskólann Vallaból og önnur mál.

Jóhanna Jónasdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í hlutastarfi við Vallaból frá 1. ágúst n.k..

Ægir kynnti þær umsóknir sem bárust.

Ingibjörg Jónsdóttir sem deildarstjóri. Herdís Jakobsdóttir og Sigríður Erna Guðmannsdóttir sækja um starf sem leiðbeinendur. Sigríður Sif Gunnarsdóttir sækir um starf við ræstingar og á deild, aðstoð í eldhúsi.

Fræðslunefnd mælir með því að Ingibjörg Jónsdóttir, Herdís Jakobsdóttir og Sigríður Sif Gunnarsdóttir verði endurráðnar

Rætt var um starfsmannafjölda miðað við fjölda barna. Ýmislegt fleira var rætt. Jóhanna vék af fundi.

Önnur mál. Þó nokkrar umræður urðu um málefni mötuneytis Húnavallaskóla. Fram kom að fræðslunefnd hefur ekki verið upplýst um eða haft samráð við hana um stöðu málefna mötuneytisins fyrir næsta vetur. Formanni falið að leita upplýsinga hjá sveitarstjórn.

Fræðslunefnd ítrekar mikilvægi holls og góðs “heimatilbúins” matar.

Stjórn Foreldrafélags Húnavallaskóla beinir því til fræðslunefndar að skylt er að hafa valgreinar í 8.-10. bekk. Einnig beinir stjórnin umræðu til fræðslunefndar um talkennslu í skólanum og lesblinduskönnun. Fræðslunefnd felur skólastjóra að skoða þessi erindi og skila skriflegu svari til fræðslunefndar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir (sign)

Ægir Sigurgeirsson (sign)

Eline Schrijver (sign)

Pétur Pétursson (sign)

Kristín Rós Sigurðardóttir (sign)